

**30% afsláttur**  
**598 KR. KG**  
Móa Krydduð læri

**20% afsláttur**  
**1430 KR. KG**  
SS Mexicolegnar grískotílettur

**20% afsláttur**  
**1678 KR. KG**  
SS Nautakötílettur argentískar

**20% afsláttur**  
**798 KR. PK**  
Almond Daim terta

**KARTÓ 249 KR. STK.**  
Goða Kartöflusalat

**699 KR. KG**  
ím Ysuflök með roði

# Sumartilboð

**249 KR. PK**  
Stjörnusnakk Sour cream stjörnur

**129 KR. STK.**  
Toppur Sítrónu 21

**399 KR. PK**  
Plómur askja

**4990 KR. STK.**  
Home-Plus Blandari 500 W

**20% afsláttur**  
**399 KR. PK**  
Charmin Blautklútar WC

**499 KR. PK**  
Meistara Möndlukaka

**149 KR. PK**  
Nóa Banana- og Karamellusprengjur

**KJARRVAL**

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum**

## Til leigu

2ja herb. 64fm. íbúð í Breiðholti, laus um miðjan ágúst.

Uppl. síma 865-7347, Ásta

## Sólargeislinn

Þú sólargeisli sem gæist inn, Og glaður skýst inn um gluggan minn. Mig langar svo til að líkjast þér. Og ljósi varpa á hvern sem er.

## Með sól í hjarta

Með sól í hjarta og söng á vörum, við setjumst niður í grænni laut. Í lágu kjarri við kveikjum eldinn, Kakó hitum og eldum graut.

Tekið af síðunni: Sumarlög



Adriana Dís Sigurjónsdóttir. f. á Landspítalanum 08.04.2009 kl 23:55 53 cm og 4505 gr. Foreldrar: Anna Rósa Einarsdóttir frá Völlum í Mýrdal og Sigurjón Sveinsson frá Galtarlæk 2, Landsveit, til heimilis að Fannahvarfi 4, 203 Kópavogi.

Systkini Adríönu Dísar eru: Ísar Máni Sigurjónsson og Aþena Rós Sigurjónsdóttir

Hið hjarta ljós sem berst til mín með blessun sendi heim til þín og með því kveðju kæra. Megi það líkna og lækna þá sem lífið kærleiksríka þrá. Gleði og frið þeim færa

Höf: Guðm. Ingi

29. TBL. 13. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 15. JÚLÍ 2009

SMÁAUGLÝSINGAR

# Frá Ferðafélagi Mýrdælinga.

## Hvítmöguganga laugardaginn 18. júlí 2009

Gengið verður frá bílplani við Sólheimajökul kl. 10:30. Þaðan gengið yfir sporð jökulsins og inn eftir Hvítmögu að austan inn að Rauða og um vesturbrúnir Hvítmögu til baka.

Áætlaður göngutími 6 – 7 klst.

Búnaður: Jöklajárn, göngustafir, viðeigandi skór, fatnaður og nesti.

Ferðin kostar kr. 2000 fyrir félagsmenn og kr. 2500 fyrir aðra. Getum leigt mannbrodda eins og birgðir leyfa á kr. 2000 parið.

Einnig bjóðum við upp á sætaferðir frá bankaplaninu í Vík eins og pláss leyfir á kr. 500.- á mann.

Göngustjórar: Eiríkur Vilhelm Sigurðarson s. 8662632 og Guðjón Þorsteinn Guðmundsson s. 8588179.

Síðasti skráningarfrestur er fimmtudagurinn 16. júlí á  
[myrdalur@gmail.com](mailto:myrdalur@gmail.com) eða hjá göngustjórum.

Göngustjórar.

# Atvinna í boði á Hjallatúni.

Starfsfólk vantar til starfa við aðhlyningu  
á Hjallatún frá 1. sept og 1. okt. nk.

Vaktavinna starfshlutfall er 60 – 90 % eða eftir samkomulagi.

Allar upplýsingar fást hjá Guðlaugu  
í síma : 487-1348 eða 868-1181

## LÖGGUFRETTIR

Samantekt vikuna 6. til 13. júlí 2009

Mikið af fólki hefur verið á faraldsfæti í vikunni hjá okkur og hefur umferð gengið mjög vel og án slysa. Mjög gott veður er búið að vera og hefur eftirlit okkar einnig náð til hálendis og í Þórsmörk, þar sem á annað þúsund manns var um helgina en allt gekk vel. Yfir 200 mál hafa verið í vikunni þar af óku yfir 90 ökumenn of hratt. Sá sem hraðast ók var á 156 km. hraða m.v. klst. þar sem leyfilegt er að aka á 90 km. Hann var sviptur ökuleyfi í tvo mánuði og þarf að greiða á annað hundrad þúsund í sekt. Sá sem var næstur honum í hraðakstri þessa vikuna var á 135 km. hraða og reyndist hann vera sviptur ökuleyfi fyrir. Þess má geta að enn er verið að stöðva menn fyrir að vera á nagladekkjum. Tilkynnt var um slys við Landmannahelli, maður á reiðhjóli féll. Hann reyndist ómeiddur en hafði fengið flogakast sem leið hjá.

Tilkynnt var um eld í félagsheimilinu Heimalandi, undir Eyjafjöllum á fimmtudagskvöldið. Þar hafði eldur kviknað út frá ruslageymslu sem er áföst húsinu. Eldur hafði læst sig í útihurð og þakskegg hússins. Slökkvistarf gekk vel en vegfarendur og nágrennar björguðu miklu og voru búnir að slökkva með brunaslöngu sem var þarna í húsinu áður en slökkilið kom á staðinn. Skemmdir urðu þó nokkrar. Talið er að kviknað hafi í vegna grillkóla eða einnota grills sem hafi verið hent í ruslið.

Tveir voru stöðvaðir í akstri grunaðir um að hafa ekið undir áhrifum áfengis í umdæminu. Þeir meiga eiga von á sviptingu ökuleyfis. Þrír menn villtust á göngu sinni við Sólheimajökul á laugardagskvöld. Þeir voru í símasambandi en var orðið kalt og voru nokkuð hraktir er þeir komu heilir höldnu niður. Tveir þeirra voru illa búnir á stuttbuxum. Gönguferðin hafði dregist á langinn vegna villu þeirra af leið. Björgunarsveitarmenn á bíl frá Víkverja, Vík fóru á staðinn og gáfu mönnum súpu og óku þeim heim á Hvolsvöll.

Kartöfludagurinn „allmikli“ var um helgina í Þykkvabæ. Þar var mikið af mótórhjólafólki sem var með fjölskyldudaga tengda deginum „allmikla“. Allt fór þetta mjög vel fram.

Flugdagar voru á Hellu og gekk allt vel fyrir sig. Þó var kvartað undan ónæði frá lágflugi í tvígang. Djasshátíð var á Skógum um helgina og var þó nokkuð margt af fólki þar.

*Tekið saman af Guðmundi Inga Ingasyni, varðstjóra.*

### Spakmæli vikunnar

Við hvað er bátur vitundar þinnar bundinn? Hann er bundinn líkama þínum huga og tilfinningum. Hugleiðsla snýst um að losa bátinn.  
- Osho

### Mitt faðirvor

Ef öndvert allt þér gengur og undan halla fer, skal sókn í huga hafin, og hún mun bjarga þér.

Við getum eigin ævi í óska farveg leitit, og vaxið hverjum vanda, sé vilja beitt.

Þar einn leit naktar auðnir, sér annar blómaskrúð. Það verður, sem þú væntir, það vex, sem að er hlúð.

Því rækta rósir vona í reit þíns hjarta skalt, og búast við því besta þó blási kalt.

Þó örlög öllum væru á ókunn bókfell skráð, það næst úr nornahöndum sem nógu heitt er þráð.

Ég endurtek í anda Þrjú orð við hvert mitt spor: Fegurð, gleði, friður- mitt faðirvor.

Höf: Kristján frá Djúpalæk

### Netverslunin - [www.fallegfot.com](http://www.fallegfot.com)

*Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt.*

## Að tryggja upp á dönsku

Nú er orðinn síður fyrir austan að tryggja með framtönnunum; en það eru ekki allir sem vita af hverju það kemur til.

Mér var sagt á einum bæ þetta héti að tryggja upp á dönsku og þá fór ég að reyna það líka; þá varð ég allt í einu þolinmóður og iðinn að nema, þó ég væri lúinn í kjálkunum og yrði að éta hálf-tuggið á daginn, þá bættist mér tvöfalt upp á nóttunni. Mig dreymdi þá ég væri kominn á kjól og kynni að tryggja upp á dönsku og hló þá stundum hátt upp úr svefninum þegar ég sá hunda bíta bein eða bændur á peysu sem tuggðu með jöxlunum.

Prestdóttirin átti bágaru en ég; hún var bæði ung og fríð og hafði viðkvæma samvisku, en þrekið vantaði og styrkleika sálarinnar til að leggja hart á sig og læra það sem mest reið á: að tryggja upp á dönsku, eins og faðir hennar; þegar hún hugsaði út í það, flóði hún stundum öll í tárur og sagði guð hefði ekki gefið sér jaxlana til annars en syndga.

Þá kom Hjörleifur sterki á mórauðri úlpu og hafði bundið reipi um sig miðjan. Hann kenndi í brjóst um stúlkuna og huggaði hana eins og hann gat. Hann stakk atgeirnnum á kaf ofan í jörðina, setti frá sér 50 fjórðunga kistu sem hann bar á bakinu og stökk upp á bæjarkampinn þar sem við sátum, prestsdóttirin og ég, og tók svo til orða: „Þú átt ekki að gráta, fuglinn minn! Þó þér hafi orðið það á að tryggja með jöxlunum; ég skal segja þér, hvernig þessi hinn nýi síður er kominn upp í sveitinni. Hér kom maður útlendur og hafði misst jaxlana í Danmörku; hann varð þá að nota framtenurnar, vesalingur, og tryggja með þeim eins og hann gat. En svo komu prestar og sáu það til hans og tóku það eftir honum og síðan hver af öðrum. Þessum mönnum hefnist nú fyrir og hafa þeir gjört sig að athlægi af því þeir fóru að tryggja upp á dönsku“.

Eiginhandarrit er ekki til.  
Frumprentun í: Fjölnir 9. ár, 1847.  
Heimild:  
Haukur Hannesson, Páll Valsson, Sveinn Yngvi Egilsson (ristjórar). (1989). Ritverk Jónasar Hallgrímssonar I. bindi: Ljóð og lausamál, bls. 329-330. Reykjavík: Svart á hvítu.

## Klauflaxinn

„Sjö sinnum sjö eru 49,“ sagði Hallur í Skollafit; það er föstutíminn og þá má enginn nefna kjöt - varaðu þig, maður, á að syndga! Ég hef komið að honum í tungsljósi þar sem hann sat á eldhúslugga og seildist inn á rárnar og talaði við sjálfan sig í hálfum hljóðum. – Hann sagðist liggja á dorg og vera að veiða og hélt það væri hverjum manni heimilt.

Og þegar hann kom á þingið og sýslumaðurinn sagði hann hefði stolið, þá bar hann ekki á móti því, nema hvað hann neitaði það hefði verið kjöt.

„Ég hef tekið klauflox,“ sagði þjófurinn, „og býst við að verða hýddur; en það er best að bera sig karlmannlega!“

Það bar ekki heldur á honum að hann væri sérlega daufur. En þegar honum var lesin upp þingbókin og hann heyrði þar stóð „fimm fjórðungar af kjöti“, þá fór hann að gráta og sagði við dómarrann: „Krofið var fimm fjórðungar; en hitt voru ekki mín orð; skrifði heldur 6 fjórðunga og setjið þér klauflox.“

Eiginhandarrit er ekki til.  
Frumprentun í: Fjölnir 9. ár, 1847.  
Heimild:  
Haukur Hannesson, Páll Valsson, Sveinn Yngvi Egilsson (ristjórar). (1989). Ritverk Jónasar Hallgrímssonar I. bindi: Ljóð og lausamál, bls. 330. Reykjavík:

## Réttarvatn

Efst á Arnarvatnshæðum oft hef eg klári beitt; þar er allt þakið í vötnum, þar heitir Réttarvatn eitt.

Og undir Norðurásnum er ofurlítill tó, og lækur líður þar niður um lágan Hvannamó.

Á öngum stað eg uni eins vel og þessum mér; ískaldur Eiríksjökull veit allt sem talað er hér.

Jónas Hallgrímsson

# Íþróttahátíð USVS 2009

## sem halda átti laugardaginn 18. júlí



er frestað um óákveðin tíma vegna lélegrar þátttöku

USVS

## Golfklúbburinn Vík.

Mót framundan:

- Fimmtudagur 16. júlí Texas scramble, dregið saman mæting kl. 19:30.
- Fimmtudagur 23. júlí tveggja kilfu mót, mæting kl. 19:30.
- Bikarkeppni síðasti skráningardagur er 23. júlí, skráning í Péturshöll.

Mótanefnd GKV



Myndina tók Jónas Erlendsson sl. laugardag er hann og Ragnhildur kona hans, fóru í ferð upp með Þjórsá og inn undir Háafoss, Gjánna, Búrfellsstöð og Hjálparfoss í Fossá en vatnið úr Háafoss og Gjanni renna í Fossá og niður Þjórsárdalinn.

*Ekki vitum við hæðina eða nafnið á þessum fallega fossi. En hann er mjög hár greinilega. S.*

## Hundadagar

Elsta dæmi í ritmálssafni Orðabókar Háskólans um orðið hundadagar er úr kvæði frá 18. öld eftir Einar Sæmundsson föður Látra-Bjargar. Það hefst svona:

Fljóð til vegar fekk sig bætt  
frá „Meðreiðings“ sögum,  
sólar þegar skinið skært  
skein á Hundadögum.

Orðið kemur fyrir í latnesk-íslenskri orðabók Jóns Árnasonar biskups, Nucleus latinitatis, frá 1738 í skýringu við orðið prodomus. Þar stendur „Nordann-vindar sem blasa í eina Viku, adur enn Hundadagarner byriast“ (1994:256). Orðið er þó mun eldra í íslensku máli. Árni Björnsson bendir á að hundadagar sé nefndir í rímtali Arngríms Jónssonar lærða og Guðbrands Þorlákssonar 1597 og einnig nefnir hann 17. aldar dæmi (1993:187).

Talið er að hugtakið hundadagar sé komið til Rómverja frá Grikkjum, en á latínu eru þessir dagar nefndir die-s canicula-res (canis á latínu merkir ‘hundur’), og það hafi borist úr latínu sem tókupýðing í önnur evrópumál. Á dönsku er t.d. talað um hundedage og í þýsku um Hundstage.

Hundadagar ná yfir tiltekinn tíma sumars. Nú er oft talið að þeir hefjist 13. júlí á Margrétarmessu og að þeim ljúki 23. ágúst. Sú venja tíðkast hérlendis. Áður var miðað við að hundadagar hæfust 23. júlí og er svo enn t.d. í Danmörku. Nafnið er dregið af því að stjarnan Sírius fer að sjást á suðurhveli jarðar í júlí en hún er ein stjarnanna í stjörnumerkinu Stórahundi. Sírius nefnist á latínu Canicula, en það heiti var

þegar á 18. öld þýtt sem ‘hundastjarna’ t.d. í Nucleus latinitatis (1994:23).

Margir halda að hugtakið hundadagar sé komið af viðurnefni Jörundar hundadagakonungs (Jørgens Jürgensens) sem gerði stjórnarbyltingu og ríkti yfir landinu frá 25. júní til 22. ágúst 1809. Svo er þó ekki heldur fékk hann viðurnefnið af því að stjórnartíð hans lenti að mestu á hundadögum.

Heimildir:

\* Árni Björnsson. 1993. Saga daganna. Reykjavík, Mál og menning.  
\* Jón Árnason. 1994. Nucleus latinitatis. Ný útgáfa. Guðrún Kvaran og Friðrik Magnússon sáu um útgáfuna. Orðfræðirit fyrir alda III. Reykjavík, Orðabók Háskólans.

### Ljóskubrandarar

Hvernig athugarðu greindarvísitölu ljósku? Með loftmæli.

Lögga stoppaði ljóskuna sem ók á móti umferðinni á einstefnugötu.

Löggan: "Sástu ekki örvarnar?"

Ljóskan: "Ég sá ekki einu sinni Indjánana."

Læknirinn: "Taktu þessar pillu þrisvar á dag."

Ljóskan: "Hvernig get ég tekið sömu pilluna oftari en einusinni?"

Ljóskan var að keyra í Hafnarfirði þegar löggan stoppaði hana og bað um að fá að sjá ökuskírteinið hennar. Hvað er það spurði hún. Það er svona bleikt með mynd af þér. Hún leitaði í veskinu þangað til hún fann bleika púðurdós, tók hana upp og opnaði og leit í spegilinn. Er það þetta spurði hún? Löggan tók dósina og leit í spegilinn og segir svo. Nú! Ekki vissi ég það þú værir í lögreglunni!!



## Voces Thules í Þykkvabæjarklausturskirkju

Þorláksmessa að sumri 2009

Sönghópurinn Voces Thules verður með tónleika í Þykkvabæjarklausturskirkju kl. 19.00 á Þorláksmessu að sumri mánudaginn 20. júlí nk. Miðaverð er 1.500 krónur.

Miðasala verður við innganginn.

Eftir tónleikanna verður kaffisala hjá kvenfélaginu Framtíðinni í Álftaveri og kvenfélagi Hvammshrepps í Þjónustuhúsi kirkjunnar. Allur ágóði af tónleikunum og kaffisölu rennur til kaupa á augnlækningatækjum fyrir heilsugæslustöðina í Vík.

Klukkan 21.00 verður kvöldmessa í Þykkvabæjarklausturskirkju þar sem Voces Thules syngur úr Þorlákstíðum. Séra Árni Svanur Daníelsson prédikar og þjónar fyrir altari ásamt séra Ingólfi Hartvigssyni.

Sóknarnefnd og sóknarprestur



## Gróðrarstöðin Dilksnesi

auglýsir.

Sumarblóm, kryddjurtir, fjölær blóm ( yfir 150 teg. )

trjá plöntur ( um 100 tegundir og kvæmi )

Skógarplöntur ( ýmsar tegundir af lauftrjám ).

Rósir - ( Glóðarrós, Páfarós, Skáldarós, Yndisrós, Katrín Viðar, Red Nelly og fl. )

Kvistir - ( Margar tegundir ). Virginíuheggur, Hlíðaramall, Sunnubroddur, Syrena  
‘Villa Nova og fl.

Opnunartími í júlí opið virka daga 13 – 18,

laugardaga 11 – 15, lokað sunnudaga

Ath. 99% plantna eru ræktaðar í Dilksnesi í Hornafirði gróðrarstöðinni við sjávarsíðuna.

Verið velkomin sími 8491920.

Faðir: Adam IS1979125040 frá Meðalfelli  
Móðir: Gola IS1979285100 frá Kirkjubæjarklaustri 2  
Eigandi: Guðbrandur Magnússon, Kristín Lárusdóttir

#### Tölt

**1. sæti** einkunn 5,5 Knapir: Auður Hansen  
Aðildarfélag: Sindri  
Hross: Örlygur IS2002125512 frá Hafnarfirði,  
Rauður/dökk/dr.stjörnótt..., 7 vetra  
Faðir: Þyrmir IS1995188801 frá Þóroddsstöðum  
Móðir: Herdís IS1990287051 frá Auðsholtshjáleigu  
Eigandi: Norður-Götur ehf

**2.-3. sæti** einkunn 5,2 Knapir: Sigurður Kristinsson  
Aðildarfélag: Kópur Hross: Skáti IS2000185051 frá  
Kirkjubæ 2, Brúnn/milli-stjörnótt , 9 vetra  
Faðir: Reginn IS1995185610 frá Stóru-Heiði  
Móðir: Freyja IS1992285425 frá Jörvík 2  
Eigandi: Guðmundur Gíslason

**2.-3. sæti** einkunn 5,2 Knapir: Sigurbjörg  
Magnúsdóttir Aðildarfélag: Sindri Hross: Kópar  
IS1994184070 frá Holti, Jarpur/milli-einlitt , 15 vetra  
Faðir: Kolbeinn IS1981185001 frá Hraunbæ Móðir:  
Perlutár IS19AC284647 frá Holti Eigandi: Guðný  
Sigurðardóttir, Kristján Ólafsson

**4. sæti** einkunn 5,0 Knapir: Fanney Ólöf Lárusdóttir  
Aðildarfélag: Kópur Hross: Blær IS1998185100 frá  
Kirkjubæjarklaustri 2, Leirljós/Hvítur/ljós-ein..., 11  
vetra Faðir: Blængur IS1989136610 frá Sveinatungu  
Móðir: Diljá IS1981286304 frá Gunnarsholti  
Eigandi: Fanney Ólöf Lárusdóttir

**5.-6. sæti** einkunn 4,8 Knapir: Jóhannes Óli  
Kjartansson Aðildarfélag: Kópur Hross: Kveikur  
IS1997185022 frá Geirlandi, Mólóttur,  
mósóttur/milli..., 12 vetra Faðir: Geysir  
IS1986186020 frá Gerðum Móðir: Tvista  
IS1980285020 frá Jörvík 1 Eigandi: Jón Þröstur  
Jóhannesson

**5.-6. sæti** einkunn 4,8 Knapir: Jón Geir Ólafsson  
Aðildarfélag: Kópur Hross: Kveldúlfur  
IS1996175380 frá Miðfelli 1, Jarpur/milli-einlitt, 13  
vetra Faðir: Gustur IS1988165895 frá Hóli Móðir:  
Tinna IS1987257275 frá Borgargerði Eigandi: Jón  
Geir Ólafsson

#### Úrslit kappreiða BROKK 300M

**1. sæti** tími 43 sek Knapir: Hlynur Guðmundsson  
Aðildarfélag: Sindri Hross: Klettur IS1989185149 frá  
Hraunbæ, Brúnn/dökk/sv.einlitt, 20 vetra Faðir:

Kjarval IS1981157025 frá Sauðárkróki Móðir: Kát  
IS1976286001 frá Efri-Rotum Eigandi: Hlynur  
Guðmundsson, Jón Þ Þorbergsson

**2. sæti** tími 51,9 Knapir: Orri Örvarsson Aðildarfélag:  
Sindri Hross: Litfari IS1994135870 frá Kletti,  
Brúnn/litförorottur einlitt, 15 vetra Faðir: Eiðfaxi  
IS1977137250 frá Stykkishólmi Móðir: Nn  
IS19AC235865 frá Kletti Eigandi: Erna Guðrún  
Ólafsdóttir

#### SKEID 150M

**1. sæti** tími 17,4 Knapir: Gunnar Pétur Sigmarsson  
Tími Aðildarfélag: Kópur Hross: Hilmir  
IS1998285435 frá Hraunbæ, Brúnn/milli-einlitt, 11  
vetra Faðir: Þyrtur IS1994165895 frá Hóli II Móðir:  
Nótt IS1978285431 frá Hraunbæ Eigandi: Bjarni  
Þorbergsson, Gunnar Pétur Sigmarsson

**2. sæti** tími 19,6

Knapir: Gunnar Pétur Sigmarsson Tími Aðildarfélag:  
Kópur Hross: Perla IS1996277505 frá Borgarhöfn 3,  
Króki, Brúnn/milli-einlitt , 13 vetra  
Faðir: Blængur IS1989136610 frá Sveinatungu  
Móðir: Brúnka IS1978287041 frá Þorlákshöfn  
Eigandi: Rúnar Þorri Guðnason

**3. sæti** tími 20,1 Knapir: Sigurbjörg Magnúsdóttir  
Tími Aðildarfélag: Sindri Hross: Gullfaxi  
IS1993184071 frá Hvassafelli, Bleikur/fífil-blesótt ,  
16 vetra Faðir: Máni IS1987186003 frá Raufarfelli 2  
Móðir: Blesa IS1979284011 frá Ytri-Skógum  
Eigandi: Sigurbjörg Magnúsdóttir

#### STÖKK 300M

**1. sæti** tími 25 sek Knapir: Hlynur Guðmundsson  
Aðildarfélag: Sindri Hross: Þrasi IS1997184083 frá  
Núpakoti, Rauður/milli-tvístjörnót..., 12 vetra  
Faðir: Galsi IS1991184008 frá Ytri-Skógum  
Móðir: Þrá IS1993285590 frá Vík í Mýrdal  
Eigandi: Hlynur Guðmundsson

**2. sæti** tími 29,7 Knapir: Orri Örvarsson Tími  
Aðildarfélag: Sindri Hross: Vindur IS1994184007 frá  
Ytri-Skógum, Bleikur/fífil-blesótt , 15 vetra  
Faðir: Gnýr IS1988188170 frá Hrepphólum  
Móðir: Þrá IS1984286002 frá Ytri-Skógum  
Eigandi: Orri Örvarsson

#### Úrslit í A og B-flokk, barnaflokk og töltkeppni á hestapingi Kóps 2009 22. júní 2009

##### A-flokkur gæðinga

**1. sæti einkunn** 8,33 gestahestur  
Hross: Draumur IS1999184006 frá Ytri-Skógum,  
Rauður/dökk/dr.stjörnótt , 10 vetra  
Faðir: Hringur IS1991175260 frá Brekku  
Móðir: Þerna IS1987284005 frá Ytri-Skógum  
Eigandi: Kristín Elínborg Þorsteinsdóttir, Sigurður  
Sigurjónsson Knapir: Hlynur Guðmundsson

**1. sæti af félagshestum** einkunn 8,22  
Hross: Milli IS1997185101 frá Kirkjubæjar-klaustri 2,  
Brúnn/mó-einlitt , 12 vetra  
Faðir: Blængur IS1989136610 frá Sveinatungu Móðir:  
Spurning IS1990285110 frá Kirkjubæjarklaustri 2  
Eigandi: Guðbrandur Magnússon, Kristín Lárusdóttir  
Knapir: Kristín Lárusdóttir

**2. sæti af félagshestum** einkunn 8,05 Hross: Náma  
IS2001285045 frá Hörgslandi II, Rauður/ljós-einlitt , 8  
vetra Faðir: Númi IS1993188802 frá Þóroddsstöðum  
Móðir: Blikka IS1979285050 frá Hörgslandi II  
Eigandi: Sigurður Kristinsson  
Knapir: Sigurður Kristinsson

**3. sæti af félagshestum** einkunn 7,87 Hross: Sónata  
IS1994236610 frá Sveinatungu, Brúnn/milli-einlitt , 15  
vetra Faðir: Ívan IS1990184700 frá Sperðli Móðir:  
Fúga IS1976236300 frá Sveinatungu Eigandi:  
Guðbrandur Magnússon, Kristín Lárusdóttir Knapir:  
Guðbrandur Magnússon

**4. sæti af félagshestum** einkunn 7,69  
Hross: Blær IS1998185100 frá Kirkjubæjarklaustri 2,  
Leirljós/Hvítur/ljós-ein..., 11 vetra  
Faðir: Blængur IS1989136610 frá Sveinatungu Móðir:  
Diljá IS1981286304 frá Gunnarsholti Eigandi: Fanney  
Ólöf Lárusdóttir Knapir: Fanney Ólöf Lárusdóttir

**5. sæti einkunn** lauk ekki keppni Hross: Hilmir  
IS1998285435 frá Hraunbæ, Brúnn/milli-einlitt , 11  
vetra Faðir: Þyrtur IS1994165895 frá Hóli II  
Móðir: Nótt IS1978285431 frá Hraunbæ  
Eigandi: Bjarni Þorbergsson, Gunnar Pétur  
Sigmarsson Knapir: Gunnar Pétur Sigmarsson

##### B FLOKKUR

**1. sæti** einkunn 8,35 Hross: Kveldúlfur IS1996175380  
frá Miðfelli 1, Jarpur/milli-einlitt , 13 vetra Faðir:  
Gustur IS1988165895 frá Hóli Móðir: Tinna

IS1987257275 frá Borgargerði Eigandi: Jón Geir  
Ólafsson Knapir: Jón Geir Ólafsson

**2. sæti** einkunn 8,27 Hross: Kveikur IS1997185022  
frá Geirlandi, Mólóttur,mósótt-ur/milli..., 12 vetra  
Faðir: Geysir IS1986186020 frá Gerðum Móðir:  
Tvista IS1980285020 frá Jörvík 1 Eigandi: Jón Þröstur  
Jóhannesson Knapir: Jóhannes Óli Kjartansson

**3. sæti** einkunn 8,20 Hross: Gnýr IS2003165671 frá  
Árgerði, Brúnn/dökk/sv.stjörnótt , 6 vetra  
Faðir: Týr IS1998165661 frá Árgerði Móðir: Gná  
IS1993265662 frá Árgerði Eigandi: Ásgerður Gróa  
Hrafnadóttir Knapir: Ásgerður Gróa Hrafnad.

**4. sæti** einkunn 8,06 Hross: Stormur IS2004187466  
frá Egilsstaðakoti, Grár/rauðureinlitt, 5 vetra Faðir:  
Hvinur IS1998187467 frá Egilsstaðakoti Móðir: Iða  
IS1983256016 frá Mosfelli Eigandi: Guðbrandur  
Magnússon Knapir: Guðbrandur Magnússon

**5. sæti** einkunn 7,87 Hross: Kveikur IS2004185041  
frá Hörgslandi II, Rauður/milli-skjótt, 5 vetra Faðir:  
Hrynjandi IS1990188176 frá Hrepphólum Móðir:  
Kvika IS1993285041 frá Hörgslandi II Eigandi: Anna  
Harðardóttir Knapir: Sigurður Kristinsson

##### Barnaflokkur

**1. sæti** einkunn 8,19 gestahross  
Knapir: Máni Orrason Aðildarfélag: Sindri  
Hross: Straumur IS1999188652 frá Írafossi,  
Brúnn/mó-einlitt, 10 vetra Faðir: Sproti IS1991188120  
frá Hæli Móðir: Orka IS1994288653 frá Írafossi  
Eigandi: Norður-Götur ehf

**2. sæti 1. sæti af félagshestum** einkunn 8,08  
Knapir: Svanhildur Guðbrandsdóttir  
Aðildarfélag: Kópur Hross: Freydís IS2000285100 frá  
Kirkjubæjarklaustri 2, Brúnn/milli-einlitt, 9 vetra  
Faðir: Blængur IS1989136610 frá Sveinatungu  
Móðir: Diljá IS1981286304 frá Gunnarsholti Eigandi:  
Svanhildur Guðbrandsdóttir

**3. sæti einkunn** 7,23 gestahross Knapir: Guðmundur E.  
Kristjánsson Aðildarfélag: Sindri Hross: Þokki  
IS2000185675 frá Norður-Hvoli, Jarpur/milli-skjótt , 9  
vetra Faðir: Dagur IS1995184716 frá Strandarhöfði  
Móðir: Skjóna IS1983285666 frá Norður-Hvoli  
Eigandi: Sigurbjörg Magnúsdóttir

**4. sæti, 2. sæti af félagshestum** einkunn 6,92  
Knapir: Katla Björg Ómarsdóttir  
Aðildarfélag: Kópur Hross: Mirra IS1992285101 frá  
Kirkjubæjarklaustri 2, Brúnn/dökk/sv.einlitt , 17 vetra

Faðir: Adam IS1979125040 frá Meðalfelli E  
Móðir: Gola IS1979285100 frá Kirkjubæjarklaustri  
2 Sæti Eigandi: Guðbrandur Magnússon, Kristín Lárusdóttir

**5. sæti einkunn 6,67 gestahross** Knapi: Dagmar Ísabel Orradóttir Aðildarfélag: Sindri Hross: Mökkur IS2000156827 frá Efri-Lækjardal, Brúnn/mó-einlitt , 9 vetra Faðir: Skorri IS1992156455 frá Blönduósi Móðir: Gletta IS1989256813 frá Efri-Lækjardal Eigandi: Norður-Götur ehf

**7. sæti einkunn gestahross** Knapi: Jakobína Kristjánsdóttir Aðildarfélag: Sindri Hross: Sleipnir IS19901 frá Akurgerði f. 1990 bleikálóttur Faðir: Dagur frá Kjarnholtum Móðir: Blesa frá Nautaflofum Eigandi: Sigurbjörg Magnúsdóttir

**3. sæti af félagshestum** lauk ekki keppni Knapi: Sólrún Lára Sverrisdóttir Aðildarfélag: Kópur Hross: Léttir IS1992185100 frá Kirkjubæjarklaustri 2, Brúnn/milli-einlitt, 17 vetra Faðir: Adam IS1979125040 frá Meðalfelli Móðir: Diljá IS1981286304 frá Gunnarsholti Eigandi: Sólrún Ólafsdóttir

#### Tölt-úrslit

**1. sæti** Knapi: Jóhannes Óli Kjartansson Aðildarfélag: Kópur Hross: Kveikur IS1997185022 frá Geirlandi, Móálóttur,mósóttur/milli..., 12 vetra Faðir: Geysir IS1986186020 frá Gerðum Móðir: Tvista IS1980285020 frá Jörvík 1 Eigandi: Jón Þröstur Jóhannesson

**2. sæti** Knapi: Sigurður Kristinsson Aðildarfélag: Kópur Hross: Skáti IS2000185051 frá Kirkjubæ 2, Brúnn/milli-stjörnött, 9 vetra Faðir: Reginn IS1995185610 frá Stóru-Heiði Móðir: Freyja IS1992285425 frá Jörvík 2 Eigandi: Guðmundur Gíslason

**3. sæti** Knapi: Auður Hansen Aðildarfélag: Sindri Hross: Örlygur IS2002125512 frá Hafnarfirði, Rauður/dökk/dr.stjörnött..., 7 vetra Faðir: Pynir IS1995188801 frá Þóroddsstöðum Móðir: Herdís IS1990287051 frá Auðsholts-hjáleigu Eigandi: Norður-Götur ehf

**4. sæti** Knapi: Sigurbjörg Magnúsdóttir Aðildarfélag: Sindri Hross: Kopar IS1994184070 frá Holti, Jarpur/milli-einlitt , 15 vetra Faðir: Kolbeinn IS1981185001 frá Hraunbæ Móðir:

Perlutár IS19AC284647 frá Holti Eigandi: Guðný Sigurðardóttir, Kristján Ólafsson

**5. sæti** einkunn jafn og Fanney í 5-6 sæti en vann 5. sætið eftir hlutkesti Knapi: Jón Geir Ólafsson Aðildarfélag: Kópur Hross: Kveldúlfur IS1996175380 frá Miðfelli 1, Jarpur/milli-einlitt , 13 vetra Faðir: Gustur IS1988165895 frá Hóli Móðir: Tinna IS1987257275 frá Borgargerði Eigandi: Jón Geir Ólafsson

**6. sæti** Knapi: Fanney Ólöf Lárusdóttir Aðildarfélag: Kópur Hross: Blær IS1998185100 frá Kirkjubæjarklaustri 2, Leirljós/Hvítur/ljós-ein..., 11 vetra Faðir: Blængur IS1989136610 frá Sveinatungu Móðir: Diljá IS1981286304 frá Gunnarsholti Eigandi: Fanney Ólöf Lárusdóttir.

*Niðurstöður úr forkeppni á Hestapings Kóps og úrslit Kappreiða.*

#### Úrslit úr forkeppni

**1. sæti** einkunn 8,0 Hross: Draumur IS1999184006 frá Ytri-Skógum, Rauður/dökk/dr.stjörnött , 10 vetra Faðir: Hringur IS1991175260 frá Brekku Móðir: Perna IS1987284005 frá Ytri-Skógum Eigandi: Kristín Elínborg Þorsteinsdóttir, Sigurður Sigurjónsson Knapi: Hlynur Guðmundsson

**2.-3. sæti** einkunn 7,9 Hross: Milli IS1997185101 frá Kirkjubæjarklaustri 2, Brúnn/mó-einlitt , 12 vetra Faðir: Blængur IS1989136610 frá Sveinatungu Móðir: Spurning IS1990285110 frá Kirkjubæjarklaustri 2 Eigandi: Guðbrandur Magnússon, Kristín Lárusdóttir Knapi: Kristín Lárusdóttir

**2.-3. sæti** einkunn 7,9 Hross: Hilmir IS1998285435 frá Hraunbæ, Brúnn/milli-einlitt , 11 vetra Faðir: Pytur IS1994165895 frá Hóli II Móðir: Nótt IS1978285431 frá Hraunbæ Eigandi: Bjarni Þorbergsson, Gunnar Pétur Sigmarsson Knapi: Gunnar Pétur Sigmarsson

**4. sæti** einkunn 7,6 Hross: Sónata IS1994236610 frá Sveinatungu, Brúnn/milli-einlitt, 15 vetra Faðir: Ívan IS1990184700 frá Sperðli Móðir: Fúga IS1976236300 frá Sveinatungu Eigandi: Guðbrandur Magnússon, Kristín Lárusdóttir Knapi: Guðbrandur Magnússon

**5. sæti** einkunn 7,4 Hross: Náma IS2001285045 frá Hörgslandi II, Rauður/ljós-einlitt, 8 vetra Faðir: Númi IS1993188802 frá Þóroddsstöðum Móðir:

Blikka IS1979285050 frá Hörgslandi II Eigandi: Sigurður Kristinsson Knapi: Sigurður Kristinsson

**6. sæti** einkunn 7,3 Hross: Blær IS1998185100 frá Kirkjubæjar-klaustri 2, Leirljós/Hvítur/ljós-ein..., 11 vetra Faðir: Blængur IS1989136610 frá Sveinatungu Móðir: Diljá IS1981286304 frá Gunnarsholti Eigandi: Fanney Ólöf Lárusdóttir Knapi: Fanney Ólöf Lárusdóttir

#### B FLOKKUR

**1. sæti** einkunn 8,0 Hross: Kveikur IS1997185022 frá Geirlandi, Móálóttur,mósóttur/milli..., 12 vetra Faðir: Geysir IS1986186020 frá Gerðum Móðir: Tvista IS1980285020 frá Jörvík 1 Eigandi: Jón Þröstur Jóhannesson Knapi: Jóhannes Óli Kjartansson

**2. sæti** einkunn 7,9 Hross: Stormur IS2004187466 frá Egilsstaðakoti, Grár/rauðureinlitt, 5 vetra Faðir: Hvinur IS1998187467 frá Egilsstaðakoti Móðir: Iða IS1983256016 frá Mosfelli Eigandi: Guðbrandur Magnússon Knapi: Guðbrandur Magnússon

**3. sæti** einkunn 7,7 Hross: Kveldúlfur IS1996175380 frá Miðfelli 1, Jarpur/milli-einlitt, 13 vetra Faðir: Gustur IS1988165895 frá Hóli Móðir: Tinna IS1987257275 frá Borgargerði Eigandi: Jón Geir Ólafsson Knapi: Jón Geir Ólafsson

**4. sæti** einkunn 7,6 Hross: Gnýr IS2003165671 frá Árgerði, Brúnn/dökk/sv.stjörnött, 6 vetra Faðir: Týr IS1998165661 frá Árgerði Móðir: Gná IS1993265662 frá Árgerði Eigandi: Ásgerður Gróa Hrafnadóttir Knapi: Ásgerður Gróa Hrafnadóttir

**5. sæti** einkunn 7,4 Hross: Kveikur IS2004185041 frá Hörgslandi II, Rauður/milli-skjótt, 5 vetra Faðir: Hrynjandi IS1990188176 frá Hrepphólum Móðir: Kvika IS1993285041 frá Hörgslandi II Eigandi: Anna Harðardóttir Knapi: Sigurður Kristinsson

**6. sæti** einkunn 7,3 gestahross Hross: Lukka IS1996284046 frá Önundarhorni, Jarpur/milli-einlitt , 13 vetra Faðir: Galsi IS1991184008 frá Ytri-Skógum Móðir: Hvöt IS1984284049 frá Önundarhorni Eigandi: Hlynur Guðmundsson, Sigurður Sigurjónsson Knapi: Hlynur Guðmundsson

#### Barnaflokkur

**1. sæti** einkunn 8,05 gestahross Knapi: Máni Orrason Aðildarfélag: Sindri Hross: Straumur IS1999188652 frá Írafossi, Brúnn/mó-einlitt, 10 vetra Faðir: Sproti IS1991188120 frá Hæli Móðir: Orka IS1994288653

frá Írafossi Eigandi: Norður-Götur ehf

**2. sæti** einkunn 7,85 Knapi: Svanhildur Guðbrandsdóttir Aðildarfélag: Kópur Hross: Freydís IS2000285100 frá Kirkjubæjarklaustri 2, Brúnn/milli-einlitt, 9 vetra Faðir: Blængur IS1989136610 frá Sveinatungu Móðir: Diljá IS1981286304 frá Gunnarsholti Eigandi: Svanhildur Guðbrandsdóttir

**3. sæti** einkunn 7,8 Knapi: Svanhildur Guðbrandsdóttir Aðildarfélag: Kópur Hross: Milla IS1997285102 frá Kirkjubæjarklaustri 2, Brúnn/milli-einlitt, 12 vetra Faðir: Blængur IS1989136610 frá Sveinatungu Móðir: Gola IS1979285100 frá Kirkjubæjarklaustri 2 Eigandi: Guðbrandur Magnússon, Kristín Lárusdóttir

**4. sæti** einkunn 7,6 Knapi: Guðmundur E. Kristjánsson Aðildarfélag: Sindri Hross: Þokki IS2000185675 frá Norður-Hvoli, Jarpur/milli-skjótt , 9 vetra Faðir: Dagur IS1995184716 frá Strandarhöfði Móðir: Skjóna IS1983285666 frá Norður-Hvoli Eigandi: Sigurbjörg Magnúsdóttir

**5.-6. sæti** einkunn 6,55 Knapi: Katla Björg Ómarsdóttir Aðildarfélag: Kópur Hross: Safir IS1983285100 frá Kirkjubæjarklaustri 2, Jarpur/milli-einlitt, 26 vetra Faðir: Hrani IS1976188210 frá Hrafnkelssstöðum 1 Móðir: Perla IS19ZZ285065 frá Melhóli 1 Eigandi: Lárus Valdimarsson, Sólrún Ólafsdóttir

**5.-6. sæti** einkunn 6,55 Knapi: Sólrún Lára Sverrisdóttir Aðildarfélag: Kópur Hross: Léttir IS1992185100 frá Kirkjubæjarklaustri 2, Brúnn/milli-einlitt, 17 vetra Faðir: Adam IS1979125040 frá Meðalfelli Móðir: Diljá IS1981286304 frá Gunnarsholti Eigandi: Sólrún Ólafsdóttir

**7. sæti** einkunn 6,45 Knapi: Jakobína Kristjánsdóttir Aðildarfélag: Sindri Hross: Sleipnir IS19901 frá Akurgerði f. 1990 bleikálóttur Faðir: Dagur frá Kjarnholtum Móðir: Blesa frá Nautaflofum Eigandi: Sigurbjörg Magnúsdóttir

**8. sæti** einkunn 6,2 Knapi: Dagmar Ísabel Orradóttir Aðildarfélag: Sindri Hross: Mökkur IS2000156827 frá Efri-Lækjardal, Brúnn/mó-einlitt , 9 vetra Faðir: Skorri IS1992156455 frá Blönduósi Móðir: Gletta IS1989256813 frá Efri-Lækjardal Eigandi: Norður-Götur ehf

**9. sæti** einkunn Knapi: Katla Björg Ómarsdóttir Aðildarfélag: Kópur Hross: Mirra IS1992285101 frá Kirkjubæjarklaustri 2, Brúnn/dökk/sv.einlitt , 17 vetra